

## Fundargerð

Fyrsti fundur Delta deildar starfsárið 2012-2013 haldinn þann 30. október að Hlöðum á Hvalfjarðarströnd kl. 18.00.

Guðjón Sigmundsson (Gauí litli) staðarhaldari tók á móti hópnum og sýndi okkur Hernámssetrið sem segir sögu hernáms í Hvalfjarðarsveit á árunum 1940 til 1945. Sýningin er mjög skemmtilega sett upp og þar má sjá minjar sem tengjast sögu og menningu þeirra atburða sem urðu í Hvalfirði á þessum umrótatímum.

Að því lokunu setti Þórunn Reykdal formaður deildarinnar fundinn og Theodóra Þorsteinsdóttir kveikti á kertunum þremur.

Orð til umhugsunar eða Mér er efst í huga flutti Jónína Eiríksdóttir. Hún greindi frá þegar hún handfjatlaði á dögunum smáprent sem svo er kallað í Varaeintakasafni Landsbókasafnsins í Reykholti. Á því stóð: Viðtal við vændiskonu í Kaupmannahöfn. Höfundurinn kallaði sig Ferðalang og heftið var gefið út árið 1939 eða fyrir rúnum 73 árum. Jónína las fyrir okkur svolítio brot úr heftinu til að leyfa okkur að heyra dálítið af orðum vændiskonunnar sjálfrar og ferðalangsins. Jónínu var efst í huga fréttir og umfjöllun um vændi, mansal og alla þá neðanjarðarstarfsemi aðra, sem oftast er fylgifiskur þessa, hulinn sjónum okkar að mestu, en rekur til okkar öðru hvoru og veldur okkur satt að segja jafnan mikilli vanlíðan.

Því næst var fundagerð síðasta fundar lesin og samþykkt og formaður las kveðju frá fjarstöddum félagskonum.

Þórunn greindi frá markmiðum framkvæmdaráætlun DELTA KAPPA GAMMA starfstímabilið 2012-2013. Minntis hún sérstaklega á mjög skemmtilegt erindi sem Sigrún Jóhannesdóttir flutti fyrir nýja formenn „Að vera virkur þáttakandi í DKG“.

Formaður dreifði símaskrá til fundarkvenna og starfsáætlun Delta deilda 2012-2013. Einkunnarorðin þetta starfsárið eru „Frá orðum til athafna“.

Brynda Halldórsdóttir kvaddi sér hljóðs og þakkaði kærlega fyrir þetta frábæra plagg og klöppuðu félagskonur fyrir því. Rætt var sérstaklega um jólafundinn 2. desember en þá er stefnt að halda upp á 25 ára afmæli deildarinnar. Félagskonur ræddu um að gaman væri að borða saman, hafa myndasýningu, syngja, fara yfir sögu félagsins. Allir voru sammála um að hafa fjör eins og var á fyrsta fundi félagsins en þá dönsuðu félagskonur upp og niður stigana að sögn Sigrúnar Jóhannesdóttur. Einnig var rætt um hvort það ætti að gista í Reykholti, fara á jólatónleika og messu. Ákveðið var að gera könnun á meðal félagskvenna hvernig best væri að halda upp á afmælið. Að endingu voru helstu viðburði fram á vorið settir við inn á starfsáætlunina. Fleira ekki tekið fyrir og formlegum fundi slitið um kl.20. Að fundi loknum var gengið til matar. Dregið var í happdrætti undir borðhaldi en staðarhaldari framreiddi sérstaklega vel úti láttinn veislumat handa fundarkonum.

Fundargerð ritaði Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir.

*Sjöfn Guðlaug Vilhjálmsdóttir.*